



Reykjavík, 26. janúar 2026

MSS25120057

Umsögn skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um innkaup Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi eru svör við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins, dags. 12. desember 2025, um innkaup Reykjavíkurborgar sem var send skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar til umsagnar.

Fyrirspurn var tekin fyrir í á 22. fundi mannréttindaráðs þann 11. desember 2025.

1. Hversu oft er vísað til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í innkaupum Reykjavíkurborgar?

Ekki er almennt vísað sérstaklega til Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar með nafni í stöðluðum sniðmátum útboðsgagna borgarinnar. Í stað þess er í útboðsgögnum almennt vísað til stefna Reykjavíkurborgar á sviði ábyrga innkaupa í heild sinni, einkum í kafla um ábyrg innkaup.

Í kafla 1.13 útboðsgagna er kveðið á um að kaupandi hafi tekið mið af stefnum Reykjavíkurborgar varðandi ábyrg innkaup í viðkomandi útboði. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að kaupandi geti, eftir atvikum, skilgreint nánar hvernig innkaupin samræmast einstökum stefnum borgarinnar. Undir þetta falla meðal annars Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, jafnréttisstefna, umhverfis- og loftslagsstefna og önnur tengd stefnumörkun borgarinnar.

Þá er sérstaklega fjallað um mannréttinda- og vinnuréttarákvæði í kafla 1.11 útboðsgagna, þar sem gerðar eru bindandi kröfur til seljenda um laun, starfskjör og keðjuábyrgð í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Þessi ákvæði endurspeglar skuldbindingar borgarinnar samkvæmt Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og þeim félagslegu markmiðum sem kveðið er á um í lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup, einkum hvað varðar félagslega sjálfbærni og vernd réttinda starfsfólks í virðis_keðju samninga.



Með þessu fyrirkomulagi er tryggt að mannréttindasjónarmið séu samþætt innkaupum Reykjavíkurborgar með efnislegum og bindandi hætti, þótt ekki sé í öllum tilvikum vísað beinlínis til Mannréttindastefnunnar með nafni.

2. Hvernig er eftirliti með félagslegri sjálfbærni og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar háttað í innkaupum Reykjavíkurborgar? Er borgin með virkt eftirlit með birgjum og verktökum sem borgin kaupir vörur og þjónustu af, og nær slíkt eftirlit einnig til undirverktaka?

Það svið Reykjavíkurborgar sem fer með hlutverk kaupanda í hverju tilviki ber ábyrgð á framkvæmd innkaupa og samningsstjórnun, þar með talið eftirliti með því að samningsskilmálar um félagslega sjálfbærni, mannréttindi og vinnurétt séu virtir. Þetta er í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar, einkum ákvæði 3. kafla þeirra.

Eftirlit fer fram bæði á undirbúningsstigi innkaupa og á samningstíma:

- **Á undirbúningsstigi og við val á bjóðendum** er kaupanda, í samstarfi við skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar eftir því sem við á, skylt að kanna hvort forsendur séu fyrir útilokun bjóðanda á grundvelli 68. gr. laga nr. 120/2016. Þar á meðal er heimild samkvæmt a-lið 6. mgr. ákvæðisins til að útiloka fyrirtæki sem brotið hefur gegn innlendum eða alþjóðlegum kröfum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, enda sé slíkt brot sannað.
- **Á samningstíma** byggist eftirlit einkum á samningsskilmálum, þar á meðal ákvæðum um laun, starfskjör og keðjuábyrgð samkvæmt kafla 1.11 útboðsgagna. Þar er seljanda gert skylt að tryggja, með virku eftirliti, að bæði eigin starfsmenn og starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleiga njóti lögmætra réttinda. Kaupandi hefur jafnframt úrræði samkvæmt lögum og samningi, þar á meðal heimild til að halda eftir greiðslum, greiða vangoldin laun beint til starfsmanna eða beita öðrum viðurlögum samkvæmt samningi, sbr. m.a. 2. mgr. 88. gr. a. laga nr. 120/2016.

Eftirlit Reykjavíkurborgar nær þannig að meginstefnu til allrar virðisikeðu samnings, þar með talið undirverktaka, að því marki sem samningsskilmálar og lög heimila. Umfang og form eftirlits er jafnframt háð eðli og umfangi viðkomandi innkaupa, áhættumati kaupanda og þeim upplýsingum og gögnum sem aflað er frá samningsaðilum.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að félagsleg sjálfbærni í innkaupum sé ekki einungis tryggð með kröfum í útboðsgögnum heldur einnig með raunhæfum samningsákvæðum og eftirfylgni. Markmið þess er að sporna gegn brotum á mannréttindum og vinnurétti, mansali og annarri ólögmætri háttsemi og tryggja að almannafé renni ekki til aðila sem brjóta gegn slíkum grundvallarreglum.



Um vinnustaðaeftirlit og samningseftirlit

Eftirlit með efnd kjarasamninga og öðrum réttindum launafólks á vinnustöðum er samkvæmt gildandi rétti fyrst og fremst í höndum stéttarféлага, sem sinna slíku eftirliti í umboði Alþýðusambands Íslands á grundvelli laga nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Markmið laganna er að tryggja að atvinnurekendur fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Slíkt vinnustaðaeftirlit fellur ekki undir lögbundið hlutverk sveitarfélaga og Reykjavíkurborg fer því ekki með almennt eftirlit með vinnustöðum í þessum skilningi.

Reykjavíkurborg ber hins vegar, sem opinber kaupandi, ábyrgð á að sinna virku samningseftirliti eftir að samningur kemst á við birgja eða verktaka. Sú ábyrgð felur m.a. í sér að fylgjast með því að samningsaðilar uppfylli kröfur um laun, starfskjör og keðjuábyrgð samkvæmt útboðsgögnum og samningum, þar með talið gagnvart undirverktökum. Borgin getur í því skyni kallað eftir gögnum, brugðist við ábendingum um brot og gripið til viðeigandi úrræða samkvæmt samningi og lögum.

Til að styrkja framkvæmd samningseftirlits er unnt að horfa til frekara samstarfs við aðila sem sinna vinnustaðaeftirliti eða, að undangenginni ákvörðun borgarstjórnar, að efla innra eftirlit borgarinnar, án þess að slíkt feli í sér yfirfærslu á lögbundnu vinnustaðaeftirliti.

Ólafur Steingrímsson

Skrifstofustjóri

Fjármálaþjónusta og ráðgjöf

Fjármála- og áhættustýring



Reykjavík